



Umhverfis-, orku og loftslagsráðuneyti
Borgartúni 26

Reykjavík 12. maí 2026

Efni: Umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um mál nr. S-78/2026 í samráðsgátt, Breyting á reglugerð um skráningarskyldan atvinnurekstur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir

Vísað er til máls nr. S-78/2026 í samráðsgátt – Breyting á reglugerð um skráningarskyldan atvinnurekstur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur (HER) hefur rýnt gögn málsins og veitir eftirfarandi umsögn. HER tekur einnig undir umsögn Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja (HES) um sama mál, dags. 7. maí 2026.

HER vill byrja á að ávarpa áhyggjur sínar af afleiðingum þeirrar breytingar að gera jarðborinn sjálfan leyfis- eða skráningarskyldan í stað borframkvæmdarinnar sjálfar. Kröfur sem gerðar voru áður til jarðborana í starfsleyfi tóku mið af staðbundnum aðstæðum sem geta verið mjög misjafnar, jafnvel um sérstök verndarsvæði að ræða. Markmið, umfang og tilgangur borverkefnisins skipta líka máli þegar kemur að setningu skilyrða. Hvorki var ávarpað í lagabreytingunni sem gerði jarðborinn leyfisskyldan né í núverandi reglugerðarbreytingu hvort unnt sé að setja bornum sérstök skilyrði með tilliti til umhverfisaðstæðna. Vísa má til mynda í fyrirnefndri umsögn HES sem sýna skýrt hve þau áhrif sem borframkvæmdir geta haft á umhverfið. Veruleg hættu er á því að borframkvæmdir gætu leitt til umhverfisslyss ef staðbundin þekking er ekki til staðar við að móta skilyrði og kröfur. Í þeim tilvikum sem borframkvæmd er háð framkvæmdaleyfi sveitarfélags er ef til vill unnt að koma að einhverjum skilyrðum en þar sem slíks er ekki krafist getur hvað sem er gerst. Umhverfisáhrif af borframkvæmdum snúast ekki bara um tækið sjálf heldur allt sem því getur fylgt, geymsla á olúu, jafnvel þúsundir lítra, borsvarf með spilliefnum og geislavirkum efnum, borplan sem getur verið mjög umfangsmikið, starfsmannaaðstöðu, hávaða o.fl. HER fær ekki séð að unnt sé að gera starfsleyfi fyrir jarðbor sem tekur yfir alla þá þætti sem horfa þarf til .

Þá er bent á að í 2. mgr. 22 gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála segir að um vöktun vatns vegna atvinnurekstrar sem getur haft í för með sér mengun fer samkvæmt ákvæðum starfsleyfis. Hlutaðeigandi stofnanir ríkis og heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga sjá



um vöktun gæðapátta samkvæmt ákvæði þessu ásamt vöktun á magnstöðu grunnvatns. Það er því ljóst að starfsleyfi þarf að innihalda ákvæði um vöktun vatns vegna starfsemi við jarðboranir, nokkuð sem erfitt er að setja almennt þar sem slíkt þarf að ráðast af staðbundum aðstæðum. Gera þarf áhrifamat vatnshlota fyrir hverja framkvæmd sem getur haft áhrif á vatn og grunnvatn og kröfur um vöktun og mótvægisáðgerðir taka mið af því. Einnig þarf að athuga að allar framkvæmdir innan vatnsverndarsvæða eru starfsleyfisskyldar skv. mörögum af vatnsverndarsamþykktum sveitarfélaga og þannig háðar leyfi og eftirliti viðkomandi heilbrigðiseftirlits. Í þeim tilvikum er ekki nægjanlegt að borinn sé með starfsleyfi.

Í ljósi ofangreinds telur HER að nauðsynlegt sé að setja inn ákvæði um að UOS geti þegar tilkynning berst, sett sértæk skilyrði sem taka mið af aðstæðum og umfangi á hverjum stað fyrir sig, auk starfsleyfisskilyrða/starfsskilyrða fyrir borinn.

HER vill einnig benda á að ekki er nægjanlegt að rekstraraðili jarðbors tilkynni sig til UOS. Nauðsynlegt er að tilkynning berist til viðkomandi heilbrigðiseftirlits eða eftir atvikum, annarra eftirlitsaðila innan hvers sveitarfélags. HER vekur athygli á því að þó borframkvæmdin sé ekki starfsleyfisskyld hjá heilbrigðisnefndum sveitarfélaga lengur þá getur starfsemin engu að síður verið háð eftirliti heilbrigðiseftirlits ef áhrif hennar varða reglugerðir sem því ber að framfylgja og ekki er tekið á í starfsleyfi borsins.

Þá vill HER benda á að nauðsynlegt er að tilkynningunni fylgi fleiri gögn en talin eru upp í 3. gr. frv. Nauðsynlegt er að tilkynningu fylgi einnig:

- Framkvæmdarleyfi viðkomandi sveitarfélags, þar sem við á
- Afnotaleyfi af landi sveitarfélags, þar sem við á
- Samþykki landeigenda, þar sem við á
- Áhrifamat vatnshlota
- Upplýsingar um starfsmannaaðstöðu, salernisaðstöðu og annað er varðar aðbúnað á verkstað
- Lekaleitavottorð fyrir tæki sem fylgja framkvæmdinni ef hún er inni á vatnsverndarsvæði
- Afrit af leyfi frá viðkomandi heilbrigðiseftirliti eða sveitarfélagi ef framkvæmd fer fram innan vatnsverndarsvæðis
- Ítarlegar upplýsingar um staðhætti á borstað, mögulegar fornminjar, verndarsvæði eða annað sem gæti orðið fyrir áhrifum af framkvæmdinni
- Álit Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnunar á matsskyldu framkvæmdar og eftir atvikum mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar



Athuga þarf að UOS ber að upplýsa rekstraraðila um þær reglur og almennu kröfur sem gilda um starfsemina og framkvæmdina. HER hefur umtalsverðar áhyggjur af því að þessar breytingar leiði til þess að minna eftirlit verði með borframkvæmdum. Það er reynsla HER og annarra heilbrigðiseftirlitssvæða að ekki sé vanþörf á öflugum eftirliti með þessum framkvæmdum til að koma í veg fyrir skaða og mengun.

Í öllu þeim breytingum sem nú er unnið á að regluverki sem snýr að starfsleyfum, skráningum og eftirliti er aldrei fjallað um hvernig breytingarnar vinna með markmiðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir og styðja við þau. Hvernig styður sú breyting að færa leyfisskyldu frá borframkvæmdinni yfir á borinn við það markmið að búa landsmönnum heilnæm lífsskilyrði og vernda þau gildi sem felast í heilnæmu og ómengðu umhverfi? Eða því markmiði að koma í veg fyrir eða draga úr losun út í andrúmsloft, vatn og jarðveg og koma í veg fyrir myndun úrgangs í því skyni að vernda umhverfið?

HER mælir því með því að farið verði í endurskoðun á allri framkvæmd varðandi leyfi og eftirlit með borframkvæmdum og breytingar á reglugerð 550/2018 gerðar í samræmi við markmið laga um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Guðjón Ingi Eggertsson
Deildarstjóri umhverfiseftirlits

Svava S. Steinarsdóttir
verkefnastjóri í vöktun